

Fimmtudaginn 4. júní 1998.

Nr. 116/1998. **Valgerður Margrét Gunnarsdóttir**

(Helgi Birgisson hrl.)

gegn

Höskuldi Geir Erlingssyni

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

Mál fellt niður. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1998. Með bréfi 2. júní 1998 var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að hún félli frá áfrýjun málsins, þar sem þau stefndi hefðu náð sáttum í málinu. Var það staðfest með bréfi stefnda sama dag.

Áfrýjandi og stefndi fengu gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti og hafa óskað eftir því, að Hæstiréttur ákveði þóknun talsmanna þeirra í samræmi við vinnuskýrslur og málskostnaðaryfirlit, sem réttinum hefur borist.

Með vísan til 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr., er mál þetta fellt niður fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns áfrýjanda, Helga Birgissonar hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur, og talsmanns stefnda, Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. september 1997.

Ár 1997, þriðjudag 9. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-64/1997: Höskuldur Geir Erlingsson gegn Valgerði Margréti Gunnarsdóttur.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. september sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 28. janúar 1997. Stefnandi er Höskuldur Geir Erlingsson, kt. 071060-3149, Breiðási 10, Garðabæ, en stefnda Valgerður Margrét Gunnarsdóttir, kt. 220570-3209, Blönduhlíð 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði einum falin forsjá barna sinna og stefndu, þeirra Daníels Geirs, kt. 270793-2079, og Ásdísar Helgu, kt. 211194-2199, beggja til heimilis að Breiðási 10, Garðabæ, og að samningur þeirra frá 10. október 1996 um sameiginlega forsjá verði úr gildi felldur. Málskostnaðar er krafist, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefndu eru þær, að henni verði falin forsjá sameiginlegra barna aðila, þeirra Daníels Geirs og Ásdísar Helgu, Breiðási 10, Garðabæ. Málskostnaðar er krafist, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 30. janúar 1997 var stefnanda fengin forsjá barnanna til bráðabirgða.

I.

Aðilar máls þessa kynntust í september 1992. Varð stefnda fljótlega vanfær, og hófu þau sambúð í nóvember 1992. Í fyrri sambúð sinni hafði stefnda eignast soninn Atla Hrannar Heimisson, f. 28. desember 1990, og var hann hjá þeim. Fljótlega fór að ganga erfiðlega að beggja sögn. Í apríl 1993, þegar stefnda var komin sex mánuði á leið, slitnaði upp úr sambandinu. Þegar Daníel var tveggja mánaða, ræddu aðilar saman og ákváðu að reyna sambúð aftur barnsins vegna. Ákváðu þau að leggja sig meira fram og reyna að láta allt ganga betur. Hófu þau búskap í húsi, er stefnandi á til helminga á móti föður sínum, Breiðási 10 í Garðabæ. Í ársbyrjun 1996 ákváðu þau að flytjast til Bolungarvíkur, og fékk stefnandi þar vinnu við sína iðn, trésmíðar. En sambúðin gekk ekki vel í Bolungarvík, og deildu þau oft um heimilishald, fjármál og uppeldi barnanna. Taldi stefnandi, að stefnda sinni börnunum lítið, misnotaði vín og verkjalyf og hefði oft verið utan við sig og sljó að sinna börnunum. Stefnda telur aftur á móti, að stefnandi hafi verið þunglyndur og átt í erfiðleikum með skap sitt. Fluttust þau suður í Breiðás í ágúst 1996. Uxu þar erfiðleikar þeirra, og fór svo, að þau ákváðu að leita sér hjónaráðgjafar. Stefnandi sótti þó um skilnað, meðan á viðtölum stóð, en þá var stefnda farin að heiman. Hún hafi hringt og sagt, að hún kæmi ekki aftur. Stefnda segir aftur á móti, að hún hefði farið að heiman um vikutíma til þess að leyfa stefnanda að kynnast því, hversu erfitt það væri að vera ein með börnin allan daginn án aðstoðar. Þau bjuggu þó undir sama þaki fram í desember, en lifðu litlu samlífi eftir þetta. Í lok desember fór stefnda að heiman og kom ekki aftur nema til þess að sækja sína muni. Fluttist hún til móður sinnar og fékk síðan íbúð til bráðabirgða í

Drápuhlíð í Reykjavík fram í apríl. Þá fluttist hún heim til unnusta síns, en hún hóf samband við hann í janúar, stuttu eftir að hún fluttist frá stefnanda. Stefnandi býr aftur á móti enn að Breiðási 10 í Garðabæ með börnunum.

Foreldrar stefndu slitu samvistir, þegar stefnda var átján mánaða. Tók móðir hennar fljótlega saman við annan mann, sem gekk henni í föðurstað. Telur hún sig hafa fengið gott uppeldi. Fjölskyldan fluttist í Skagafjörð og bjó þar fjögur ár, en fór þaðan til Bolungarvíkur. Stundaði stefnda skóla í Bolungarvík og síðan í heimavistarskóla að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Árið 1985 skildi móðir hennar, þegar stefnda var fimmtán ára. Fór hún þá að vinna í fiski, og næstu tvö ár var töluvert flakk á henni. Hún bjó á ýms-um stöðum, var hjá móður sinni, í verbúðum eða leigði sér húsnæði. Á þessum árum byrjaði hún að nota fíkniefni, og var í nokkurri óreglu. Um jólin 1986 fór hún í meðferð á Vogu og Staðarfelli. Eftir það bjó hún um tíma á Grenivík, en fluttist síðan til móður sinnar, sem þá bjó í Súðavík. Þar kynntist hún Viðari Heimi Jónssyni, og hófu þau sambúð, sem stóð í fjögur ár og lauk árið 1992. Á sambúðartímanum eignaðist hún drenginn Atla Hrannar. Í september 1992 kynntist hún stefnanda og fór að búa með honum í nóvember sama ár. Eftir að upp úr slitnaði, framfleytti hún sér á atvinnuleysisbótum og íhlaupavinnu í söluturni, en vinnur nú hálfsvinnu á hóteli.

Stefnandi var fyrstu ár ævi sinnar í sveit með foreldrum sínum. Árið 1974 fluttist fjölskyldan til Reykjavíkur, og gekk stefnandi þar í skóla. Lauk hann 10. bekk grunnskóla og fór að því búnu að vinna. Átján ára fluttist hann til Svíþjóðar og var þar í tíu mánuði. Þar gekk erfiðlega að fá vinnu, og fór hann þá heim. Hóf hann þar störf á bílaverkstæði og var þar í átta mánuði, en komst ekki á samning. Fór hann þá vestur til Bolungarvíkur og vann í fiski allt til ársins 1984, en þó með hléum, og var einnig á sjó. Árið 1990 fór hann að læra trésmíði og lauk því námi 1993 og hefur unnið við það síðan.

Stefnandi var í foreldrahúsum fram yfir tvítugt, en fluttist þá að heiman. Árið 1991 dó móðir hans, og fluttist hann þá til föður síns 1992 í Breiðás 10. Húsið er tvílyft einbýlishús, og eiga þeir feðgar það saman. Stefnandi átti eina sambúð að baki, áður en hann kynntist stefndu. Sú sambúð stóð í hálf tveggja ár 1993 á Flateyri og var barnlaus.

II.

Samkvæmt 60. gr. barnalaga nr. 20/1992 voru þau Jóhann Thoroddsen og Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingar dómkvódd til að meta hagi og aðstæður foreldra og barna. Í sálfræðimati þeirra kemur m. a. fram um stefndu, að hún búi yfir meðalgreind. Lagt var fyrir stefndu MMPI-per-

sónuleikapróf. Túlka sálfræðingarnir það próf þannig, að hugsanlegt sé, að geðkvillar hrjái stefndu. Prófið benti til persónuleikatrufllana, hömluleysis í tilfinningalífi og erfiðleika í samskiptum við annað fólk. Hvatvísi og uppreisnarhugar gæti líklega samhliða tímabilum, sem einkennist af bælingu og afneitun. Niðurstöður bendi einnig til þunglyndis, áhyggna og svartsýni, almennrar ófullnægju og vanmetakenndar. Kvíði og spenna gætu gert stefndu erfitt fyrir að leysa verkefni daglegs lífs. Konur með þessar prófúrlausnir séu venjulega háðar karlmönnum í tengslamyndun, geri til þeirra miklar kröfur og ábyrga fyrir tilfinningalegri líðan sinni. Í sérstöku forsjárhæfnismati komi fram, að hæfni stefndu til þess að fara með forsjá barnanna sé viðunandi. Athugun sýni, að stefnda sé ekki nægilega næm fyrir tilfinningalegum þörfum barnanna og nokkuð vanti á, að hún veiti börnunum uppeldislegan ramma með því að vera sjálfri sér samkvæm í leiðbeiningum til þeirra. Hún geri sér grein fyrir mikilvægi stuðnings og aðstoðar frá fjölskyldu sinni, vinum og aðilum innan heilsugæslu. Samkvæmt athuguninni virðist stefndu skorta innsæi í líkamlegar þarfir barnanna og skilning á að veita þeim tiltekið öryggi og vernd. Hún virðist ekki gera sér grein fyrir mikilvægi stöðugleika í búsetu og festu í heimilishögum.

Samkvæmt niðurstöðu greindarprófs hafi stefnandi góða greind. Hann sé vel lesinn, fylgist vel með og eigi auðvelt með að tileinka sér þekkingu og færni. Persónuleikapróf bendi til góðs sjálfstrausts og hæfni til að takast á við dagleg vandamál og spjara sig í lífinu. Líklegt sé, að stefnandi horfi fram hjá eigin göllum og skorti innsæi í sálræna líðan. Líklegt sé, að hann eigi erfitt með að setta sig við vanmátt eða valdaleysi. Stefnandi eigi líklega erfitt með að tjá óánægju sína eða reiði á viðurkenndan máta, þ. e. með því að setja skýr mörk jafnóðum. Hann noti líklega bælingu og afneitun til þess að kljást við sálræna erfiðleika. Forsjárhæfnismati bendi til, að stefnandi sé ágætlega hæfur til þess að fara með forsjá barna sinna. Hann sé sterkastur í því að mæta tilfinningalegum og líkamlegum þörfum þeirra, sjá um að veita þeim tilskilið öryggi og vernd og vera fyrirmynd í eigin lífverni. Í lok sálfræðimatsins segir:

„Þau Höskuldur og Valgerður Margrét eru bæði tengd börnum sínum tilfinningaböndum. Valgerður Margrét sá að mestu leyti um börnin, meðan á sambúð foreldra stóð, en Höskuldur framfleytti fjölskyldunni. Samkvæmt forsjármati er hæfni Valgerðar Margrétar viðunandi. Hún sýnir þó ónógt næmi fyrir tilfinningalegum og vitsmunalegum þörfum barnanna. Hún á einnig erfitt með að setja hegðun þeirra mörk og veita þeim þannig þann ramma, sem þeim er nauðsynlegur. Sýna bæði aðstæður hennar og niðurstöður matsins, að hún gerir sér lítt grein fyrir mikilvægi festu og stöðug-

leika í búsetu fyrir börn sín. Framtíðaráætlanir um örvun og umhverfi barnanna eru mjög óljósar, og virðist hún ekki gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra. Félagslegt net er henni mikilvægt, og er hún líklega fær í að nýta sér það börnunum til handa.

Höskuldur er meira einn í sínu uppeldishlutverki, þótt ætla mætti, að einhvern stuðning hafi hann af föður sínum. Hann er færari um að setja börnum sínum mörk skv. forsjármati og hefur til að bera næmi fyrir andlegum og líkamlegum þörfum þeirra í meira mæli en móðir þeirra. Hann gerir sér ljóst mikilvægi örvandi og þroskavæns umhverfis fyrir börn sín. Hann gerir áætlanir um framtíð barnanna og gerir sér grein fyrir mikilvægi slíkra áætla-
ana í uppeldi þeirra. – – – Pau Valgerður Margrét og Höskuldur eru mjög ólíkir einstaklingar. Valgerður Margrét er mjög hvatvís og hömlulaus skv. prófunum. Geðkvillar gætu hrjád hana, og hún á erfitt með að stýra lífi sínu. Henni hættir til að koma ábyrgð á líðan sinni yfir á aðra og á erfitt með að sjá gerðir sínar og hegðun í samskiptum í ábyrgu ljósi. Misstyrkur í greind veldur líklega aukinni vanmáttarkennd, og verður hún þá óþolinmód og hvatvís. Líklegt er, að áfengisvanda hafi gætt í lífi hennar, þótt ekki verði fullyrt um það hér, hvort svo sé enn. Höskuldur virðist í andlegu jafnvægi skv. prófunum. Hann skortir þó innsæi í eigin líðan og feugar sig í svörum. Hann virðist frekar ósveigjanlegur í samskiptum og líklegt, að hann noti óbeinar aðferðir í að setja mörk, þegar hann er ósáttur, fjarlægist, verður þungur og svartskýnn. Hann er vel greindur einstaklingur, en líklegt er, að verkkiði og kjarkleysi komi í veg fyrir, að hann nýti sér greind sína sem skyldi. – – –

– – – Börnin eru í góðu jafnvægi miðað við aðstæður og þroski þeirra eðlilegur miðað við jafnaldra. Þau eru kraftmikil og þurfa skýran ramma, reglur og aga. Samkvæmt starfsfólki leikskóla eru systkinin vel hirt og natni augljós í umönnun þeirra. Þau eru tilfinningalega tengd báðum foreldrum sínum og virðast sækja jafnt til beggja á eðlilegan og auðveldan hátt. Erfitt er að meta um svo ung börn, hvoru foreldri þau tengjast sterkari böndum, en ekki kom neitt fram í athugun okkar, sem bendir til, að þau séu tengdari öðru fremur en hinu. Einnig er erfitt að gera sér grein fyrir afstöðu þeirra til framtíðarbúsetu. – – –

Kostir þess að fela Valgerði Margréti forsjá barnanna eru þeir helstir, að hún er tengd börnum sínum tilfinningalega og á auðvelt með að veita þeim hlýju og umhyggju. Hún hefur einnig meira sinnt umönnun barnanna en faðir allt frá fæðingu þeirra. Börnin eru tengd henni og sækja til hennar hlýju og umhyggju. Hún á líklega auðvelt með að hrífa þau með sér í leik og starfi. Gallar þess að fela Valgerði Margréti forsjá barnanna felast helst í

tilfinningasveiflum hennar, stjórnleysi og skapi og nokkrum vanmætti í að stýra eigin lífi. Hún virðist á stundum hafa látið eigin þarfir ganga fyrir þörfum barnanna, og einnig er hún í áhættuhópi, að því er varðar áfengisneyslu. Hún virðist að einhverju leyti eiga erfitt með að gera sér grein fyrir þörfum barnanna, hvort sem er tilfinningalega eða fyrir ramma, festu og öruggi í lífsháttum. Framtíðaráætlanir Valgerðar Margrétar um búsetu og atvinnu eru óljósar og því erfitt að sjá fyrir sér, hvernig búið yrði að börnunum síðar meir.

Kostir þess að fela Höskuldi forsjá barnanna eru þeir helstir, að hann er eins og móðir þeirra tengdur börnum sínum tilfinningaböndum, á auðvelt með að sýna þeim hlýju og sýnir einnig natni í umhirðu þeirra og í að svara þörfum þeirra. Hann á auðvelt með að setja þeim mörk, en gerir það af hlýju og festu. Hann virðist geta sett sig í spor þeirra og lætur þarfir þeirra ganga fyrir sínum. Hann leitar eftir leiðbeiningum um umönnun þeirra og fer eftir þeim ráðleggingum, sem hann hlýtur. Líf hans er stöðugt og reglubundið og búseta örugg. Hann gerir raunhæfar framtíðaráætlanir með tilliti til barnanna og sér nauðsyn þess. Höskuldur er í andlegu jafnvægi og hefur til að bera góða greind. Gallar þess að fela Höskuldi forsjá barnanna felast helst í skorti hans á innsæi í eigin líðan, og líkur eru á, að hann geti verið fullósveigjanlegur í uppeldinu. Einnig hættir honum líklega til að bregðast við mótlæti með skapþyngslum, áhyggjum og svartsýni. — —

— — Ljóst er, að börnin, Ásdís Helga og Daníel Geir, eru tengd báðum foreldrum sterkum böndum og þurfa að njóta beggja í uppvexti sínum. Þær athuganir, sem gerð er grein fyrir í mati þessu, benda þó til þess, að hagsmunum barnanna sé betur borgið í forsjá föður“.

III.

Samkvæmt barnalögum nr. 20/1992 eiga móðir og faðir jafnan rétt til þess að krefjast og fá sér tildæmda forsjá barns. Engin skilyrði eru sett að þessu leyti, heldur er sú eina leiðsögn veitt í 2. mgr. 34. gr., að dæma skuli forsjá barns, „eftir því sem barni er fyrir bestu“.

Við mat á því, hvað barni sé fyrir bestu, verða dómstólar m. a. að taka tillit til hæfni aðila sem uppalenda, tengsla þeirra við barnið og hæfni þeirra til tengslamyndunar, til að búa barni þroskavænlegt uppeldi, til andlegs ástands, stöðugleika í daglegu lífi og að meta málið í heild, allt í því skyni að komast að niðurstöðu um, hvað sé barni fyrir bestu.

Til þess að meta þessi atriði dómkvaddi dómari tveir sérfræðinga, sem skilðu ýtarlegri greinargerð. Er niðurstaða þeirra sú, að stefnandi sé hæfari til þess að fara með forsjá barnanna. Hann á auðvelt með að sýna börnunum hlýju og sýnir natni í umhirðu þeirra og að svara þörfum þeirra.

Hann á auðvelt með að setja mörk, en gerir það af hlýju og festu. Hann virðist geta sett sig í spor þeirra og lætur þeirra þarfir ganga fyrir sínum. Hann leitast eftir leiðbeiningum um umönnun þeirra og fer eftir þeim ráðleggingum, sem hann hlýtur. Líf hans er stöðugt og reglubundið og búseta örugg. Hann gerir raunhæfar framtíðaráætlanir með tilliti til barnanna og sér nauðsyn þess. Þá er hann í andlegu jafnvægi og hefur til að bera góða greind.

Öll þessi atriði skipta miklu máli, þegar ákveða þarf forsjá barns í bráð og lengd. Mati hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekk, og verður því ekki dregin önnur ályktun af gögnum málsins en sú, að það sé börnunum fyrir bestu, að stefnandi hafi forsjá þeirra. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma honum forsjá barnanna, Daníels Geirs og Ásdísar Helgu. Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber að fella úr gildi samning aðila frá 10. október um sameiginlega forsjá.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Aðilar hafa gjafsókn í málinu. Gjafsóknarlaun talsmanna málsaðila, þeirra Daggar Pálsdóttur hrl. vegna stefnanda og Þorbjargar I. Jónsdóttur hdl. vegna stefndu, greiðist úr ríkissjóði, 200.000 krónur til hvors, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt. Kostnaður vegna sálfræðilegrar álitserðar Jóhanns Thoroddsen og Þórkötu Aðalsteinsdóttur, að fjárhæð 348.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. mgr. 60. gr. barnalaga nr. 20/1992.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnandi, Höskuldur Geir Erlingsson, skal fara með forsjá barna aðila, þeirra Daníels Geirs Höskuldssonar og Ásdísar Helgu Höskuldsdóttur. Samningur stefnanda og stefndu Valgerðar Margrétar Gunnarsdóttur frá 10. október 1996 um sameiginlega forsjá er úr gildi felldur.

Málskostnaður fellur niður milli aðila. Gjafsóknarlaun talsmanns stefnanda, Daggar Pálsdóttur hrl., 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Gjafsóknarlaun talsmanns stefndu, Þorbjargar I. Jónsdóttur hdl., 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður vegna öflunar sálfræðimats, að fjárhæð 348.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.